



Skógaá í Reykjahreppi, Suður
Þingeyjarsýslu. Efnasamsetning vatns

Magnús Ólafsson

Greinargerð MÓ-87-05

SKÓGAÁ Í REYKJAHREPPI, SUÐUR ÞINGEYJARSÝSLU
Efnasamsetning vatns

Þann 23. október 1986, var tekið sýni af vatni úr einni af upptakalindum Skógaár í Reykjahreppi, Suður Þingeyjarsýslu. Rennsli var ekki mælt í lindinni né í ánni, en hiti vatnsins reyndist vera 2,0 °C.

Sýnið hefur nú verið efnagreint á efnarannsóknarstofu Orkustofnunar og eru niðurstöður sýndar í eftirfarandi töflu.

Tafla. Efnasamsetning vatns (mg/kg)

Staður	Skógaá
Dags.	86-10-23
Númer	9175
Hiti (°C)	2,0
pH/°C	8,73/15,0
SiO ₂	20,6
Na	8,8
K	0,8
Ca	5,0
Mg	2,15
Fe	<0,01
CO ₂	23,6
H ₂ S	<0,02
SO ₄	1,83
Cl	8,67
F	0,05
Uppl. efni	80,6

Af óviðráðanlegum ástæðum hefur ekki verið unnt að greina þungmálma, svo sem kopar, zink og blý, í sýninu, en þegar niðurstöður liggja fyrir verða þær sendar bréflega.

Með tilliti til þeirra efna, sem hafa verið greind, stenst vatnið kröfur sem ágætt neysluvatn. Ef nota á það til seiða- eða fiskeldis er þó talið rétt að bera efnagreiningu undir fiskeldisfræðing.

Magnús Ólafsson